

DKG

INTERNATIONAL SOCIETY
FOR KEY WOMEN EDUCATORS

Vor 2016

*Félag kvenna í fræðslustörfum
á Íslandi*

Vor

*Sólin gyllir grund og fjörð,
gleðin fyllir bæinn.
Strjúkur létt um laut og börð
ljúfur sunnanblærinn.*

*Lóan kemur, kyakar blátt,
kætir hjörtun ungu.
Er nú allt svo undurfrítt
með æskuljóð á tungu.*

*Vor í hjarta, vor í sál,
vorsins dýpsti niður.
Innst þar ómar unaðsmál
eins og ljúfur kúður.*

*Margrét Jónsdóttir (1912-2004)
Frá Fjalli*



Ljósmynd Berglind Njálisdóttir

Sumarkveðjur frá samskipta- og útgáfunefnd

Kæru DKG systur!

Það kemur alltaf að lokum vorið með sína fersku vinda, birtu og næturlausa veröld. Veturinn, kuldinn og myrkrið hörfa fyrir bjartari tíð með blóm í haga. Gróandi og gleði sem fylgir vori og sumri fyllir okkur orku og bjartsýni. Samskipta- og útgáfunefnd, skipuð konum úr Kappadeild, býður ykkur hjartanlega velkomnar að vorfréttabréfi DKG 2016 og vonar að þið njótið lesturs þess.

Rauður þráður að þessu sinni er greinar um virkar konur, konur sem sýnt hafa frumkvæði og/eða tekist á hendur leiðtogahlutverk á mörgum og ólíkum sviðum. Þetta er í samræmi við einkunnarorð starfsins á liðnum vetri, eins og fram kemur í kjarnyrtum pistli forseta landsambandsins, Eyglóar Björnsdóttur. Hún undirstrikar einkunnarorðin: Verum virkar – styrkjum starfið. Hvetur okkur á þann hátt til góðra verka. Í bréfinu er einnig fróðleg umfjöllun um lokaverkefni þeirra virku kvenna í hópi okkar sem hafa aflað sér aukinnar menntunar og nýlega lokið meistara- eða doktorsnámi. Það er afar hvetjandi að sjá árangur erfiðis þeirra. Við viljum nota tækifærið og óska þeim hjartanlega til hamingju með áfangann!

Þá taka við, eins og hefð er fyrir, fréttapistlar frá deildum þar sem virkni systra er rækilega staðfest. DKG systur hafa á þessu vori heimsótt afar fjölbreytta flóru staða, stofnana og heimila. Óhætt er að fullyrða að bæði meginerindin, sem flutt voru á fundunum, sem og viðfangsefni orða til umhugsunar, hafi verið af margvislegum toga.



Næst er umfjöllum um Vorþing Delta Kappa Gamma systra. Að þessu sinni var meginefni þingsins fjölmenning og samtakamáttur, málefni sem eru ofarlega á baugi og brenna á íbúum Evrópu um þessar mundir. Sex konur, sérfræðingar hver á sínu sviði, héldu einstaklega áhugaverð erindi um efnið frá afar mismunandi sjónarhornum. Að sjálfsgöðu gerðu konur sér glaðan dag, sungu og nutu móttökunnar í Hafnarfirðinum.

Bréfinu lýkur á minningarorðum um einstaka konu úr okkar hópi, Jennu Jensdóttur sem féll frá á vordögum. Jenna var einstaklega virk í fræðslustöfum alla sína starfsævi, og fyrir utan að vera kennari, stjórnandi, rithöfundur og gagnrýnandi var hún einn af brautryðjendum samtakanna Delta Kappa Gamma. Minning hennar lifir.

Þetta er fyrsta vorfréttabréfið sem við stöndum að og við erum margs fróðari um grósku samtakanna og elju félagskvenna. Við hvetjum ykkur allar til að senda okkur ábendingar um áhugavert efni sem þið teljið að eigi erindi við okkur. Við þökkum fyrir samstarfið við útgáfuna og óskum ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumars.

Sigrún Kristín Magnúsdóttir
Sólborg Alda Pétursdóttir
Valgerður Magnúsdóttir

Kveðja frá landssambandsforseta Eygló Björnsdóttur

Kæru Delta Kappa Gamma systur!

Þá er þessu fyrra starfsári mínu sem landsambandsforseti senn að ljúka. Þetta hefur verið viðburðaríkt ár og ég get ekki annað en verið ánægð og þakklát fyrir að tilheyra þessum flotta hópi sem DKG á Íslandi er. Í haust héldum við upp á 40 ára afmæli samtakanna með glæsilegum hætti og góðri þátttöku og um síðustu helgi var vorþingið okkar haldið með sama glæsibrag, sem sýnir að það er kraftur í félagskapnum okkar. Mig langar að þakka öllum þeim sem mættu og lögðu hönd á plóg með einum eða öðrum hætti til að gera vorþingið eins frábært og það var. Þar ber hæst undirbúningsnefndin sem sá um allan ytri aðbúnað og menntamálanefndin sem skipulagði dagskrána. Yfirskrift þingsins var *Fjölmennning og samtakamáttur* og voru flutt mörg athyglisverð erindi um þetta mikilvæga málefni sem á erindi til okkar allra. Donna-Faye Madhosingh, fulltrúi Kanada-svæðisins, flutti okkur kveðju frá alþjóðaforsetanum og Carol Kraus, fyrirlesari frá The International Speakers Fund kynnti okkur verkefni sem hún er þátttakandi í og heitir *Curriculum of Hope for a Peaceful World*. Þinginu lauk svo með glæsilegri móttöku Hafnarfjarðarbæjar í Hafnarborg. Nánar er fjallað um þingið á öðrum stað í fréttabréfinu.

Þessa dagana eru flestar deildir að halda síðasta fund starfsársins, sem sennilega er einnig aðalfundur deildarinnar. Á fundunum fara fram stjórnarskipti og nýjar konur taka við keflinu. Um leið og ég þakka fráfarandi stjórnnum fyrir gott samstarf í vetur býð ég nýjar stjórnarkonur velkomnar til starfa, en þær taka formlega



við 1. júlí. Það er bæði lærdómsríkt og gefandi að taka þátt í að móta starf sinnar deildar og hafa tækifæri til að koma góðum hugmyndum í framkvæmd. Ég hlakka til að hitta nýja formenn á framkvæmdaráðsfundinum í haust og bendi nýjum stjórnnum á [framkvæmdaáætlunina](#) okkar sem er á heimasíðunni.

Einkunnarorðin, **Verum virkar – styrkjum starfið**, sem samþykkt voru á síðasta framkvæmdaráðsfundi halda gildi sínu áfram og verða, ásamt [markmiðum](#) samtakanna, leiðarljós inn í vetrarstarfið á komandi hausti. Ég minni á mikilvægi þess að deildir hafi í heiðri vissa formfestu í skipulagi vetrarstarfsins; setji niður starfsáætlun og þema vetrarstarfsins strax að hausti og geri sýnilegt á heimasíðu deildar. Einnig að lesa upp fundargerðir og viðhafa nafnakall á fundum og láta sig varða ef konur mæta ekki á fundi. Allt þetta eykur samheldnina og styrkir starfið og félagsandann. Í vetur hef ég átt þess kost að heimsækja nokkrar deildir og fæ vonandi tækifæri til að heimsækja fleiri á næsta starfsári. Það hefur verið gaman að upplifa kraftinn og vináttuna sem ríkir í samskiptum félagskvenna og verða vitni að því gróskumikla starfi sem fram fer í deildunum.



Ég þakka kærlega fyrir að fá að taka þátt í þessu með ykkur og hlakka til heimsóknna á komandi vetri. Samkvæmt félagatalinu eru núna 324 konur skráðar í samtökin. Þessi tala hefur haldist nokkuð stöðug síðustu ár. Margar deildir hafa verið að taka inn nýjar félagskonur undanfarið og verður gaman að sjá fjöldatölur næsta vor. Það eru margvíslegar ástæður fyrir því þegar konur yfirgefa félagsskapinn og ekki alltaf auðvelt að koma í veg fyrir slíkt. Oftast eru þetta persónulegar ástæður. Rétt er þó að huga vel að hvernig hægt er að gera starfið sem áhugaverðast fyrir allar konur í deildinni og jafnframt að taka inn nýjar konur sem fyrst þegar fækkar.

Félaga- og útbreiðslunefndin heldur utan um félagatalið og er það uppfært jafnóðum og breytingar berast. Ég minni formenn á að senda allar breytingar á félagatalinu jafnóðum og þær verða, til Sigríðar Guttormsdóttur, formanns nefndarinnar. Einnig þarf um leið að uppfæra félagatal deildarinnar á vefnum. *Samskipta- og útgáfunefndin* starfar á fullu, en það er hún sem sér til þess að okkur berist tvisvar á ári þessi glæsilegu fréttabréf. Bestu þakkir til þeirra fyrir það. *Laganefndin* skoðar svo okkar íslensku lög þegar breytingar á alþjóðalögunum, ef einhverjar verða, liggja fyrir eftir alþjóðþingið í sumar. Ég minni svo þær sem eru í framhaldsnámi á íslenska námsstyrkjasjóðinn, en *námsstyrkjanefndin* fer yfir umsóknir sem berast og gerir tillögur til stjórnar. Næsta úthlutun úr sjóðnum verður á landsambandsþinginu næsta vor.

Í byrjun júlí verður alþjóðþingið haldið í Nashville, Tennessee. Við erum þrjár frá Íslandi sem förum þangað. Dræm þátttaka íslensku kvennanna helgast sjálfsagt aðallega af kostnaði en þá ber þess að geta að næsta Evrópuþing verður haldið í Tallinn í Eistlandi sumarið 2017, nánar tiltekið 24.–29. júlí, og er væntanlega mun ódýrari kostur en alþjóðþingið. Gaman væri því ef við íslensku konurnar tækjum okkur saman og fjölmenntum á þingið hjá þessu yngsta landssambandi á Evrópusvæðinu. Byrjum að safna strax! ☺ Næsta vor verður svo landssambandsþingið okkar haldið á Akureyri og verður utanumhald í umsjá Beta- og Mýdeildar. Áætlað er að þingið verði haldið helgina **6.–7. maí** og er undirbúningur þegar hafinn. Ég bið allar félagskonur um að taka helgina strax frá og merkja í dagbókina sína.

Þar sem vorið virðist vera að ná yfirhöndinni eftir nokkuð þungan vetur, að minnsta kosti hér norðanlands, ætla ég að enda þennan pistil á þessu fallega vorljóði Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi. Um leið óska ég ykkur öllum gleðilegs sumars og vona að þið njótið þess sem best með fjölskyldu og vinum.

Ég vaknaði snemma og frjalsari en fyr,
og fagnandi vorinu stökk ég á dyr,
og unað og gleði ég alls staðar sá,
og aldrei var fegra að lifa en þá,
því geislarnir dönsuðu um sveitir og sæ,
það var söngur í lofti, ilmur í blæ.
Það var morgunn í maí.

Allt vitnaði um skaparans veldi og dýrð.
Öll veröldin fagnaði - endurskírð,
og helgaði vorinu ljóð sitt og lag
og lofsöng hinn blessaða hátíðisdag,
og geislarnir dönsuðu um sveitir og sæ.
Það var söngur í lofti, ilmur í blæ.
Það var morgunn í maí.
(Davíð Stefánsson)

Hittumst endurnærðar í haust!

F.h. landsambandsstjórnar
Eygló Björnsdóttir, forseti landsambands

Vorping 2016



Fjölmenning og samtakamáttur var efni vorpings DKG sem haldið var í Setbergsskóla laugardaginn 30. apríl og þar hittust um 80 DKG systur, gestir og fyrirlesarar í fallegu vorveðri. Eygló Björnsdóttir, forseti samtakanna, setti þingið með stuttu ávarpi og lofaði góða mætingu og líf í samtökunum. Þar næst fluttu þrír sigurvegarar Setbergsskóla af stakri snilld úrvalsljóð eftir íslensk ljóðskáld.

Fyrsta erindi dagsins hélt Donna-Faye Madhosingh frá Vancouver og var hún fulltrúi alþjóðasambandsins. Hún bar okkur kveðjur forseta sambandsins, sem hvatti okkur til að nota nýju heimasíðu samtakanna og sagði ýmsar fréttir. Tíminn hljóp frá Donnu-Faye og lítill tími var fyrir fyrirlestur hennar *Mindfulness Matters*, en núvitundaræfingar hafa að undanförunu verið notaðar í skólum í Vancouver með góðum árangri. Núvitund snýst um að taka eftir á ákveðinn hátt, meðvitað, í augnablikinu og án þess að dæma. Þessi fræði eru vel þekkt á Íslandi, sjá til dæmis <http://www.forlagid.is/?p=643291>



Hrafnhildur Kvaran, verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands, flutti erindið *Móttaka flóttamanna á Íslandi*. Hún talaði um aðlögunarferli bæði flóttafólks og samfélagsins sem tæki á móti þeim og hve mikilvægt væri að gefa þessari aðlögun góðan tíma. Hún minnti okkur á hvernig staða flóttafólks er allt önnur en þeirra sem flytja sjálfviljugir búferlum. Flóttafólk hefur verið neytt til að yfirgefa heimili sitt, upplifað svik og ógnir, er berskjaldað og fullt af vantrausti, og hefur orðið viðskila við ættingja og vini. Flóttafólk þarf þrjá verndandi þætti, sem eru öruggt skjól, öryggistilfinning og tími. Mikilvægast er að gefa fólki tíma til að átta sig á nýjum aðstæðum og tækifærum. Það tekur flóttafólk langan tíma að byrja að finna vellíðan og þá fyrst geta ákveðnir þættir aðlögunar farið af stað. Helstu áskoranir snúast um samskipti milli fólks, umferðamenningu, menntakerfi, heilbrigðiskerfi, hreinlæti, veðrið, matinn og tungumálið, en þær eru einnig miklu fleiri. Aðlögunarferlið hefur í sér þrjá þætti á fyrstu 10-12 mánuðum, sælúvímuna, vonbrigðin og aðlögun. Fólk þarf mestan stuðning gegnum vonbrigðin. Mikilvægt er að stuðningur sé lengri en eitt ár, því eftir eitt ár er aðlögun að hefjast fyrir alvöru. Hvert og eitt okkar þarf að viðhalda jákvæðum viðhorfum til flóttafólks og hælisleitenda. Flóttafólki fylgja ekki leiðbeiningar en það er mikilvægt að við tileinum okkur virðingu og æðruleysi.



Anna Lára Steindal heimspekingur flutti erindið *Fjölmenning: Forsendur, lærdómur og möguleikar*. Hún sagði íslenskt samfélag þurfa að axla ríkari ábyrgð. Fjölmenningarverkefni væru tvíþætt, praktísk verkefni með samfélagslegum áskorunum og hugmyndafræðileg verkefni um í hvers konar samfélagi við viljum lifa og hvert við stefnum.



Fjölmenningarlegt samfélag einkennist af fjölbreytileika en hefur þó skilgreindan kjarna. Allir njóta sömu réttinda og bera sambærilegar skyldur. Gagnkvæm virðing og traust eru grundvallaratriði. Ísland býr að mörgu leyti mjög vel og við getum lært af Evrópu og því sem hefur mistekist. Við þurfum að skoða vel hvað aðrar þjóðir gerðu ekki og skilgreina hugmyndir miklu betur. Þar tókst ekki að byggja upp raunverulegt samtal milli innflytjenda og þeirra sem fyrir voru. Ábyrgð á aðlögun er sett á innflytjendur sem vita svo ekki til hvers er ætlast af þeim. Hugmyndinni um *samlögun* er yfirleitt hafnað í umræðunni, en í henni er ætlast til að fólk afneiti uppruna sínum og sjálfsmynd. *Félagsleg fjarlægð* er þegar fólk nær ekki að uppfylla kröfur um samlögun og verður félagslega fjarlæg. Það sést í innflytjendahverfum þar sem orðið hafa til örsamfélög með önnur lögmál. *Gagnkvæm aðlögun* er það sem við ættum að stefna að, sem felst í að gefa og þiggja með aðlögun í báðar áttir. Mikilvægt er að þeir sem koma nýir eigi greiðan aðgang að upplýsingum. Að við gefum ekki afslátt af grunnildum samfélags okkar, því engir vilja það. Áhersla verði á að allir geti fundið lífi sínu farveg innan þeirra. Við gerum ríkar kröfur til innflytjenda og þurfum líka að gera þær til okkar.

asteindal@wordpress.com



Anh-Dao Tran nýdoktor og rannsakandi á Menntavísindasviði HÍ flutti erindið *Vannýtt auðlind: Nemendur af erlendum uppruna í framhaldsskólum á Íslandi*. Hún byrjaði á að benda á hve fjöldi innflytjenda hefði vaxið að undanförunu. Árið 1996 voru innflytjendur á Íslandi rúmlega fimm þúsund en árið 2014 voru þeir orðnir 29 þúsund. Ungir innflytjendur glíma við ýmsa erfiðleika og hætta oftár í skóla en íslenskir jafnaldrar þeirra. Þá vantar tengslanet og íslenskukunnáttu. Skólakerfið sér skort hjá þessum nemendum frekar en að sjá auðinn í þeim. Í fjölmenningu mætast og víxlast ólíkir menningarstraumar sem hafa áhrif hvor á annan. Það verður til þess að þeir breytast með tímanum og til verður breytt menning í þjóðfélaginu. Fjölmennung er jákvæð á marga vegu. Börn í fjölmenningarlegu samfélagi geta beitt fleiri en einu tungumáli og sjónarhorni. Þau vantar ekki eitthvað heldur geta bætt við það sem fyrir er. Fjölmenningarfræði eru heildræn menntun sem fjallar heildrænt um skólamál, leggur áherslu á að kennarar prófi sig áfram og læri af reynslunni. Anh-Dao kynnti líkan Banks (2005), sem segir að í fjölmenningarlegri menntun felist fimm þættir: *Sambætting inntaks, uppeldisfræði jöfnuðar og réttlætis, að smíða þekkingu, að minnka fordóma, og skólamenning sem eflir*. Á þetta þarf skólaþróun í fjölmenningsarsamfélagi að leggja áherslu og við þurfum mismunandi og margvíslegar kennsluáðferðir. Anh-Dao nefndi dæmi af stöðu nemenda af víetnömskum uppruna og hvernig íslenskir skólar ætluðust til að þau kynnu íslensku eða ensku. Í Víetnam væru skólar sex daga vikunnar í 10 tíma á dag, þannig að þau kunna að vinna. Í íslenska skólakerfið vantar skilning og ýmislegt annað og við horfum á innflytjendur eins og þeir fæðist í Leifsstöð. Anh-Dao kom að lokum með þá tillögu að DKG setji markmið og útfæri hugtakið fjölmenningu og bjóði fleiri konum af erlendum uppruna í samtökin okkar.





Carol Kraus, fyrrverandi leikskólakennari og fyrirlesari á vegum International Speakers Fund, flutti erindið *Curriculum of Hope for a Peaceful World: Establishing knowledge, acceptance and understanding among cultures*. Hún benti á hlutverk okkar allra til að gera heiminn að betri stað með því að fagna fjölbreytileikanum, vernda náttúruna og vinna að friði, og hvatti okkur til að kynna okkur Heimsmarkmiðin, markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030. Bandaríkjamenn eru af ólíkum uppruna og því fylgja ennþá verkefni, áframhaldandi aðlögun sem er sjaldan auðveld. Ótti, misskilningur, efasemdir og jafnvel hatur. Menntun um frið er aðferðin til að takast á við þetta, svo við getum tekið smá skref fram á við og skilið hvert annað betur. Nafnið á erindi hennar er einnig nafn á samtökum innan DKG á heimaslóðum hennar í Connecticut. Carol sagði frá margvíslegu fræðsluefni sem gert hefur verið og þær telja bestu leiðina vera að styrkja alls konar listastarfsemi. Hún nefndi einnig sérstaklega Friðarskipið sem kemur til Reykjavíkur 11.-12. október næstkomandi. Það siglir umhverfis hnöttinn, leggur upp frá Japan 18. ágúst, hefur viðkomu í 26 höfnum víðs vegar um heiminn og kemur aftur til hafnar í Japan 30. nóvember.

<http://www.deltakappagamma.org/CT/hope.php>

<http://www.peaceboat-us.org/programs/global-university-program-fall-2016/>



Síðast á dagskránni var erindi Margrétar Aðalheiðar Markúsdóttur uppeldis- og menntunarfræðings, *Viðhorf ungmenna til mannréttinda innflytjenda og móttöku flóttamanna*. Í meistaraþrófsverkefni sínu kannaði hún hug 14-18 ára þátttakenda til borgaraviðhorfa í mannréttindasamfélagi. Mannréttindi eru okkur nauðsynleg til að geta lifað og skilningur á þeim er hluti af borgaravitund. Niðurstöður voru að mestu jákvæðar, til dæmis voru þau flest sammála því að börn innflytjenda hafi sömu réttindi og önnur börn. Stúlkur reyndust vera jákvæðari en piltar. Flestum ungmennanna var umhugað um tækifæri innflytjenda í samfélaginu og töldu íslenskukunnáttu vera mikilvægan lykil að þeim. Einnig lögðu þau áherslu á að innflytjendur ættu að fá að viðhalda sjálfsmýnd tengdri upprunameningu; þeir eigi að fá að njóta jafnréttis og að fordómar fólks geti komið í veg fyrir þátttöku þeirra í samfélaginu. Í rökstuðningi ungmennanna fyrir móttöku flóttamanna vísuðu þau til sammanlegra þarfa fyrir öryggi og skjól. Einnig kom fram hjá þeim að hjálpa eigi flóttamönnum þar sem þeir eigi að njóta mannréttinda eins og aðrir. Engu að síður töldu sum þeirra nauðsynlegt að takmarka fjölda flóttamanna hingað til lands og athuga bakgrunn þeirra. Margrét nefndi dæmi um svör þátttakenda, til dæmis um móðurmálið: „Þetta er bara það sem gerir mann að því sem maður er.“

<http://skemman.is/handle/1946/14133>



Fleira skemmtilegt fór fram á vorþinginu fyrir utan fyrirlestrana. Dregið var í happdrætti þar sem sumar voru heppnari en aðrar og á milli atriða voru konur látnar syngja og hreyfa sig til að hrista aðeins upp í mannskapnum. Allur viðurgjörningur og veitingar voru til fyrirmyndar og nutu konur dagsins. Í lok þingsins var öllum boðið í móttöku á vegum Hafnarfjarðarbæjar í Hafnarborg og héldu Delta Kappa Gamma systur heim eftir það saddar og sælar.



Myndir frá vorþinginu



Anh-Dao Katrín Tran



Anh-Dao Katrín Tran varði doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í ágúst 2015. Ritgerðin nefnist: *Untapped Resources or Deficient 'Foreigners': Students of Vietnamese Background in Icelandic Upper Secondary Schools* (Óvirkjuð auðlind eða ófullkomnir 'útlendingar': Nemendur af víetnömskum uppruna í íslenskum framhaldsskólum).

Um leið og lýðfræðilegar rætur Íslendinga verða fjölbreyttari breytist samsetning nemendahópsins í framhaldsskólum landsins. Tilgangur þessarar rannsóknar, sem byggir á kenningum fjölmenningsmenntunarfræði, var að leita skilnings á hugtakinu jafnrétti og athuga hversu vel íslenska skólakerfinu hefur tekist að tryggja jafnan rétt ungs fólks úr þjóðernisminnihlutahópum.

Fjölmenningsmenntunarfræði gengur út frá að allir séu teknir með, að gerð sé krafa um að fjölbreytileiki sé metinn að verðleikum og að allir njóti jafna tækifæra án tillits til kyns, trúar, lífsskoðana, þjóðernis, kynþáttar, félagslegrar stöðu, fötlunar og fleiri þátta (Banks, 2007b).

Aðferðafræði rannsóknarinnar og rannsóknaráætlunin eru byggð á gagnrýninni þátttökuathugun, sem beitt er til að varpa ljósi á stefnu-markandi skjöl og greina viðtöl við stjórnendur, kennara og nemendur.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru þrjár. Í fyrsta lagi eru færð rök fyrir því að þótt lög, reglugerðir og námskrá, sem mynda grunn fyrir kennslu og aðlögun nemenda úr hópi innflytjenda, geri að nokkru leyti ráð fyrir að Ísland sé orðið fjölmenningsarsamfélag, þá einblíni þau í of ríkum mæli á vankunnáttu þeirra í íslensku máli og vanþekkingu á íslenskri menningu í staðinn fyrir að viðurkenna þeirra eigin þekkingu og menningu og hvernig þessir þættir geta eflt þau og orðið þeim til framdráttar við námið. Í öðru lagi er sýnt fram á að þar sem auðlindir eru af skornum skammti og þekking á kennslufræðilegum æfingum mótuðum af heimspeki fjölmenningsmenntunarfræðinnar lítil, hafi kennarar gert sitt besta með því að prófa sig áfram og læra af reynslunni. Í þriðja lagi er lýst hvernig reynsla nemenda innan úr skólunum er mótuð með beinum hætti af þeirri stefnu og skólamálaumræðu sem ríkti á þeirra skólatíma; þrátt fyrir að þeir beri hlýjar tilfinningar til kennara sinna fyrir að gera sitt besta finna nemendur fyrir veikleikum sínum vegna lítillar tungumálakunnáttu og félagslegrar einangrunar frá innfæddum samnemendum sínum.

Rannsóknin leggur til að í skjölum sem snerta mótun stefnu stjórnvalda, umræður og orðfæri þeim tengd, séu hugtökin fjölmenningsmenning og fjölbreytni notuð með skýrum hætti.

Ritgerðin nefnist:
Untapped Resources or Deficient 'Foreigners': Students of Vietnamese Background in Icelandic Upper Secondary Schools (Óvirkjuð auðlind eða ófullkomnir 'útlendingar': Nemendur af víetnömskum uppruna í íslenskum framhaldsskólum).



Nemendur úr hópi innflytjenda eru ekki undirmálsfólk heldur ráða þeir yfir ríkulegum auði, menntunarlegum, félagslegum og menningarlegum, sem getur orðið þeirra framlag í náminu.

Kennslufræði þurfi að ná til allra hópa í margbreytilegu samfélagi. Skýr og nákvæm markmið þurfi að setja og uppfylla með skiptingu fjármagns og eflingu á getu starfsfólks með þjálfun og stuðningi við stjórnendur og kennara. Á vettangi skólans er þörf á breyttum skilningi. Nemendur úr hópi innflytjenda eru ekki undirmálsfólk heldur ráða þeir yfir ríkulegum auði, menntunarlegum, félagslegum og menningarlegum, sem getur orðið þeirra framlag í náminu.

Anh-Dao Tran kom sem flóttamaður með fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna árið 1975 en hefur átt lögheimili á Íslandi síðan 1984. Hún kenndi fyrst við Heyrnleysingjaskólann í Reykjavík en starfaði næstu ellefu árin við enskukennslu. Anh-Dao lauk BA-prófi frá Dartmouth College og MA-prófi frá Teachers College við Columbia University sem heyrnleysingjakennari. Hún hefur verið meðhöfundur að fleiri bókum, og stýrt og tekið þátt í fjölmörgum rannsóknaverkefnum er varða aðlögun innflytjenda á Íslandi. Anh-Dao Tran hefur hlotið riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í þágu nýrra Íslendinga og íslensks samfélags og viðurkenningu Barnaheilla fyrir framlag í þágu barna og réttinda þeirra.

Hægt er að nálgast ritgerðina á Skemmunni:
<http://skemman.is/handle/1946/23419>

Birna María B. Svanbjörnsdóttir



Birna María B. Svanbjörnsdóttir varði doktorsritgerð sína í mennta-
vísindum við uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði
Háskóla Íslands í mars 2015. Ritgerðin nefnist *Forysta og teymisvinna í
nýjum skóla: Þróun lærdómssamfélags* (Leadership and teamwork in a
new school: Developing a professional learning community).

Um er að ræða starfendarannsókn sem stóð í þrjú og hálf ári í nýjum
grunnskóla í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins. Meginrannsóknar-
spurningarnar voru: a) Hvaða merkingu hefur forysta til náms í þróun
starfshátta í nýjum skóla? Og b) Hvað styður og hvetur til forystu til
náms? Forysta til náms vísar til þess stuðnings sem stjórnendur keppast
við að veita við þróun lærdómssamfélags í skólanum.

Mismunandi stigum rannsóknarinnar var lýst og þau rædd í fjórum fræði-
greinum. Meginmarkmið fyrstu greinarinnar var að draga fram og öðlast
skilning á þeim viðfangsefnum sem taka þurfti á í upphafi starfs hins nýja
skóla. Í annarri grein beindist athygli að einstaklingsmiðun sem markmiði í
lærdómssamfélagi. Þriðja grein rýnir í hvernig skólinn eflði teymisvinnu
sem tæki til starfs og starfsþróunar. Fjórða greinin varpar ljósi á og metur
hvaða áhrif sá stuðningur sem skólustjórnendur veittu starfsfólki hafði á
nemendur, foreldra, stuðningsfulltrúa og skólaliða.

Ein helsta niðurstaða rannsóknarinnar, og hvað markverðasta framlag
hennar, er að skólinn hefur mótað hjá sér samstarf og stuðning þar sem
þátttakendum gafst tími og svigrúm til að efla fagmennsku sína á
vinnustað og á vinnutíma. Tvö ný og sterk einkenni lærdómssamfélags
komu í ljós í hinum nýja skóla. Þau eru vel skipulögð teymisvinna og
formlegar samræður um ýmis trúnaðarmál á teymisfundum.

Birna María B. Svanbjörnsdóttir er forstöðumaður miðstöðvar
skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og lektor við kennaradeild sama
skóla. Hún lauk B.Ed-námi frá Kennaraháskóla Íslands 1988 og M.Ed-
námi frá Háskólanum á Akureyri 2005.

Hægt er að nálgast ritgerðina á Skemmunni:
<http://skemman.is/handle/1946/20818>

Ritgerðin nefnist
Forysta og teymisvinna
í nýjum skóla: Þróun
lærdómssamfélags
(Leadership and
teamwork in a new
school: Developing a
professional learning
community).

Ein helsta niðurstaða
rannsóknarinnar, og
hvað markverðasta
framlag hennar, er að
skólinn hefur mótað hjá
sér samstarf og
stuðning þar sem
þátttakendum gafst tími
og svigrúm til að efla
fagmennsku sína á
vinnustað og á
vinnutíma.



Guðný Sigríður Ólafsdóttir



Guðný Sigríður Ólafsdóttir lauk M.Ed. prófi í upplýsingatækni frá mennta- vísindasviði Háskóla Íslands árið 2015. Verkefni hennar heitir *Upplýsingatækni og samvirkar aðferðir í læsiskennslu: gagnvirka rafbókin Gula sendibréfið*. Loka- verkefnið var bæði gagnvirk rafbók fyrir spjaldtölvur til að nota við læsiskennslu yngri barna og greinargerð um verkefnið. Rafbókin var mestmegnis unnin í hugbúnaðinum iBooks Author og er ætluð til notkunar í iPad, spjaldtölvum frá Apple.

Greinargerðin fjallar um læsi, skilgreiningar á því og aðferðir í læsiskennslu, sérstaklega samvirkar aðferðir. Notkun upplýsingatækni í kennslu læsis var skoðuð ásamt upplýsingatækni í skólastarfi almennt og þróun hennar hér á landi. Farið var yfir sviðið að einhverju marki, möguleikar og verkfæri skoðuð og leitast við að greina stöðu og þróun, auk þess sem málin voru reifuð í ljósi reynslu höfundar og aðstæðna. Rafbækur fyrir lestrarkennslu voru skoðaðar og fjallað stuttlega um þróun þeirra og framboð. Loks er fjallað um gerð gagnvirku rafbókarinnar, markmið, uppbyggingu og framkvæmd.

Verkefni hennar heitir „Upplýsingatækni og samvirkar aðferðir í læsiskennslu: gagnvirka rafbókin Gula sendibréfið“.

Verkefnið var að hluta til byggt á áralangri reynslu höfundar af lestrarkennslu í yngstu bekkjum grunnskólans og horft var til hugmynda um samvirkar aðferðir í kennslu læsis. Áhersla var lögð á samþættingu námsgreina. Bókin Gula sendibréfið eftir Sigrúnu Eldjárn var notuð sem grunnur að rafbókinni, en efni hennar býður upp á góða tengingu við náttúru- og samfélagsgreinar. Sagan var hljóðsett og bætt við hana fróðleik um ýmis efni sem tengjast bókinni. Einnig býður hún upp á gagnvirk verkefni sem ýta undir ólíka þætti læsis, svo sem hlustun, vinnu með orðaforða, ritun, stafsetningu og lesskilning. Að auki eru í bókinni stuttir kvikmyndabútar með fræðandi texta, hljóðskrár og fleira.

Lokaverkefnið var bæði gagnvirk rafbók fyrir spjaldtölvur til að nota við læsiskennslu yngri barna og greinargerð um verkefnið.

Með því að nota upplýsingatækni við kennslu og þjálfun læsis má ná til fleiri barna, vekja áhuga og auka fjölbreytni í kennsluháttum. Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að megintilgangur í kennslu í upplýsinga- og tæknimennt sé að gera nemendur læsa í víðum skilningi, þjálfra gagnrýna hugsun og tryggja grunnþekkingu á sviði tæknifærni og miðlunar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Spjaldtölvuvæðing hefur verið allnokkur í grunnskólum landsins undanfarin ár og virðist ekkert lát þar á. Með gagnvirku rafbókinni er ætlunin að auðvelda kennurum að bæta upplýsingatækninni inn í læsiskennsluna á auðveldan hátt.

Guðný Sigríður Ólafsdóttir lauk B.Ed. prófi við Kennaraháskóla Íslands vorið 1988, framhaldsnámi í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á nám og kennslu ungra barna og Dipl.Ed. námi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, árið 2008. Hún hefur sótt mörg námskeið og ráðstefnur jafnt erlendis sem innanlands tengd kennslu, auk þess sem hún hefur tekið þátt í nokkrum evrópskum samstarfs- verkefnum á vegum Comenius og Erasmus+. Hún hefur kennt við Dalvíkurskóla síðan haustið 1988 og einnig starfað við fullorðinsfræðslu.

Hægt er að nálgast ritgerðina á Skemmunni:
<http://skemman.is/handle/1946/22972>

Heiðrún Tryggvadóttir



Heiðrún Tryggvadóttir útskrifaðist með masterspróf í uppeldis- og menntunarfræði frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2015 með áherslu á leiðtoga, nýsköpun og stjórnun. Titill ritgerðar hennar er *Innleiðing nýjungar: nýsköpunar- og frumkvöðlamennt í tveimur grunnskólum*.

Viðfangsefni rannsóknarinnar var að kanna hvernig staðið er að innleiðingu nýjungar, námssviðsins nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar, í starfi tveggja grunnskóla. Leitast var við að skoða af hvaða ástæðu farið var í innleiðinguna, hvernig hún var kynnt og framkvæmd auk þess að skoða helstu hvata og áskoranir í innleiðingarferlinu. Um er að ræða tilvikarannsókn með eigindlegri aðferðafræði sem unnin var veturinn 2014-2015. Tekin voru viðtöl við skólastjórnendur, kennara og verkefnastjóra, farið í vettvangsheimsóknir og stuðst við ýmis skrifleg gögn.

Í niðurstöðum kemur m.a. fram að kennarar og stjórnendur höfðu jákvæð viðhorf til nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar sem viðeigandi námsáherslu í námi barna- og unglunga í nútímasamfélagi. Misjafnt er í skólunum tveimur hvernig staðið er að innleiðingu nýjunga og fer það eftir eðli þeirra og umfangi. Kennarar og skólastjórnendur voru sammála um að mikið hefði verið um nýjungar á undanförunum árum og ef vel ætti að takast til mættu þær ekki vera of margar í einu.

Viðhorf skólastjórnenda hafa mikið að segja um hvernig innleiðing nýjunga tekst, sem og hvaða áherslur þeir leggja á þær innan skólans. Að mati skólastjórnenda er mikilvægt að starfsfólk hafi val um þátttöku í nýjungum. Þá sé tryggt að þeir taki þátt af áhuga og þannig breiðist nýjungin smám saman út meðal annarra í starfsliðinu.

Að mati kennara eru nokkrir þættir sem geta ýtt undir að nýjungar festist í sessi, svo sem að nokkuð stór hluti starfsmanna aðhyllist nýjungina og hafi á henni áhuga. Starfsfólk þurfi að fá svigrúm og stuðning og miða þurfi starfsþróun við það. Starfsþróun sem sett er upp í lærdómsferli og nær yfir langan tíma er heppileg leið í því sambandi. Helstu áskoranir eru mikill fjöldi nýjunga sem kynntar eru og innleiddar sem skapar mikið álag, lítil tími er til að sinna viðbótarverkefnum og tímarammi stundatöflu er takmarkandi.

Heiðrún Tryggvadóttir er áfanga- og gæðastjóri við Menntaskólann á Ísafirði. Hún lauk B.A. prófi í íslensku árið 1996 og kennslufræði til kennsluréttinda árið 1997. Heiðrún hefur frá árinu 1998 unnið að fræðslustörfum á öllum skólastigum víða um land.

Hægt er að nálgast ritgerðina á Skemmunni:
<http://skemman.is/handle/1946/23226>

Viðfangsefni rannsóknarinnar var að kanna hvernig staðið er að innleiðingu nýjungar, námssviðsins nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar, í starfi tveggja grunnskóla.

Í niðurstöðum kemur m.a. fram að kennarar og stjórnendur höfðu jákvæð viðhorf til nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar sem viðeigandi námsáherslu í námi barna- og unglunga í nútímasamfélagi.



Iwona Maria Samson



Iwona Maria Samson lauk M.Ed. prófi í leikskólakennarafræðum með sérsvið í námi og kennslu í skóla án aðgreiningar í fjölmenningsamfélagi haustið 2014. Ritgerð hennar ber heitið: *Foreldrasamstarf í leikskóla: væntingar pólskra foreldra til leikskóla og viðhorf leikskólakennara til menntunar barna af erlendum uppruna*. Um er að ræða eigindlega rannsókn.

Börn af erlendum uppruna sem hefja leikskólagöngu hafa mismunandi bakgrunn. Mikilvægt er að barnið geti gert sig skiljanlegt í þessu nýja umhverfi, en einnig þarf að hafa í huga að foreldrar hafa mismunandi skoðanir á því hvað hentar börnum þeirra og hvaða þjónustu þau þurfa. Mikilvægt er að sinna vel börnum af erlendum uppruna, því ekki er auðvelt fyrir þau að koma inn í íslenskan leikskóla þar sem allt önnur menning ríkir en þau eru vön. Það er margt sem þessi börn þurfa að laga sig að og ber að taka tillit til þess.

Í rannsókninni var leitast við að svara spurningunum „Hverjar eru væntingar þriggja pólskra mæðra til leikskólagöngu barna sinna?“ og „Hvernig upplifa þrír leikskólakennarar hlutverk sitt og aðferðir við að vinna í fjölmenningslegum leikskóla og með börn af erlendum uppruna?“. Notaðar voru eigindlegar rannsóknaraðferðir sem fólust í viðtölum við þrjár pólskar mæður og þrjá leikskólakennara í Ísafjarðarbæ. Rannsóknin fór fram vorið 2014.

Helstu niðurstöður sýna að væntingar foreldra barna af erlendum uppruna varðandi leikskólagöngu barna þeirra eru að leikskólinn sé mikilvægur fyrir börnin til að aðlagast íslensku samfélagi og kynnast íslenskrri menningu. Það kemur líka fram að mæðurnar vilja eiga gott samstarf milli leikskóla og heimilis og fá allar upplýsingar um daglegt starf hans. Allir foreldrarir hlökkuðu til að barnið þeirra fengi tækifæri til að leika við börn á sama aldri, læra að fara eftir reglum og læra íslensku. Í viðtölum við leikskólakennarana kom fram að þeir eru allir tilbúnir að taka á móti börnum af erlendum uppruna, þó ekki sé til nein áætlun um það í flestum leikskólum Ísafjarðabæjar. Þeir töldu mikilvægt að ná til alla foreldra barna af erlendum uppruna. Til að auðvelda það þarf að hafa kennara af erlendum uppruna í hverjum leikskóla og frábært er að hafa fjölbreyttan starfsmannahóp í leikskólum, því samfélagið hér á Íslandi er að verða fjölmenningslegt.

Iwona Maria Samson er sérkennslustjóri á leikskólanum Sólborg á Ísafirði. Hún lauk B.Ed. prófi í leikskólakennarafræðum árið 2012. Vorið 2015 hóf hún meistaranám í uppeldis- og menntunarfræðum með áherslu á sérkennslufræði og mun útskrifast með M.Ed próf vorið 2017. Iwona hefur frá árinu 2008 unnið margvísleg störf á leikskólastigi, sem stuðningsfulltrúi, leikskólakennari og deildarstjóri.

Hægt er að nálgast ritgerðina á Skemmunni:
<http://skemman.is/handle/1946/20015>

Ritgerð hennar ber heitið: Foreldrasamstarf í leikskóla: væntingar pólskra foreldra til leikskóla og viðhorf leikskólakennara til menntunar barna af erlendum uppruna.

Helstu niðurstöður sýna að væntingar foreldra barna af erlendum uppruna varðandi leikskólagöngu barna þeirra eru að leikskólinn sé mikilvægur fyrir börnin til að aðlagast íslensku samfélagi.

Pórunn Blöndal



Pórunn Blöndal, fyrrverandi dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, varði doktorsritgerð sína við Háskólann í Helsinki laugardaginn 26. september 2015. Ritgerðin heitir *Where grammar meets interaction. Collaborative production of syntactic constructions in Icelandic conversation.*

Ritgerðin er skrifuð innan tiltölulega nýrrar fræðigreinar sem nefnist interactional linguistics eða samskiptamálfraði. Samskiptamálfraði byggir á samtalsgreiningu (CA) og málvísindalegri greiningu.

Leiðbeinendur við doktorsritgerðina voru þau Anne-Marie Londen, prófessor emerita og Jan K. Lindström, prófessor við Department of Finnish, Finno-Ugrian and Scandinavian Studies, við Háskólann í Helsinki. Prófdómarar voru Per Linell, prófessor emeritus við Háskólann í Linköping, og Jakob Steensig, prófessor við háskólann í Árósum. Jakob var einnig andmælandi við vörnina. Laura Visapää, dósent, var prófdómari innan deildar.

Ritgerðin fjallar um samvinnu í samtölum og einkum setningar sem tveir mælendur mynda í sameiningu. Annars vegar er hér um að ræða svokallaða *botna* og hins vegar *viðbætur*. Þegar um botna er að ræða skýtur viðmælandi orði eða orðum inn og botnar þannig segð viðmælandans. Í viðbót felst að viðmælandinn tengir sína segð við segð fyrri mælanda þannig að þegar upp er staðið myndar báðar segðirnar eina setningu. Bæði samskiptaferlin byggja á því að mælendur reiði sig á málkunnáttu sína og þekkingu á venjum í mállegum samskiptum um leið og þeir sæta færiss að koma sjálfir inn í samtalið, jafnvel á óhefðbundnum stað. Fræðimenn hafa stundum sett þessi samskiptaferli undir einn hatt en niðurstöður rannsóknarinnar leiða í ljós að þau eru ekki öll af sama meiddi þegar kemur að því að greina *samtalslotuna*, mikilvægustu einingu innan samtalsgreiningar og samskiptamálfraði.

Ritgerðin er gefin út í ritröð University of Helsinki, Faculty of Arts, Nordica Helsingiensia 42. Hún er líka gefin út á rafrænu formi (<https://helda.helsinki.fi/handle/10138/156533?show=full> og <http://rafhladan.is/handle/10802/10868?show=full>)

Pórunn Blöndal hafði áður lokið B.A. prófi í málvísindum frá Háskóla Íslands og M.Paed. prófi í íslenskukennslu frá sama skóla og M.Sc. prófi í hagnýtum málvísindum frá Edinborgarháskóla. Pórunn kenndi við Kvennaskólann í Reykjavík frá 1983 til 1995 en var lektor og síðar dósent við Háskóla Íslands frá 1998 til 2015. Hún hefur skrifað um íslenskt mál, málfraði og íslenskukennslu í bækur og tímarit og að auki skrifað kennslubækur fyrir grunn- framhalds- og háskóla.

Hægt er að nálgast ritgerðina á Skemmunni:
<http://skemman.is/handle/1946/23419>

Ritgerðin heitir *Where grammar meets interaction. Collaborative production of syntactic constructions in Icelandic conversation.*

Ritgerðin fjallar um samvinnu í samtölum og einkum setningar sem tveir mælendur mynda í sameiningu. Annars vegar er hér um að ræða svokallaða *botna* og hins vegar *viðbætur*.



Kolbrún Þ. Pálsdóttir Þátttaka á ársfundi Pi State DKG í New York-fylki



Á sama tíma og DKG konur á Íslandi héldu vorþing sitt helgina 28.-29. apríl, sat undirrituð ársfund Pi State DKG sem haldið var í Syracuse, New York-fylki. Ég hef búið með fjölskyldu minni í Hamilton, sem er lítill háskólabær í um klst. akstur frá Syracuse, síðan í ágúst í fyrra. Við hjónin störfum bæði við Háskóla Íslands, og eiginmanni mínum bauðst staða gestaprófessors við Colgate-háskóla skólaárið 2015-16. Ég fékk rannsóknarleyfi og hef því getað sinnt skrifum og rannsóknum þennan tíma. Ég verð að viðurkenna að þrátt fyrir að ég kunnist að meta að þurfa ekki að endasendast á milli kennslu, funda og skrifa var ég farin að sakna þess að ræða um hugðarefni mitt, menntamál. Það var því með mikilli eftirvæntingu sem ég ók til Syracuse, en stjórn Pi State hafði boðið mér að halda opnunarerindi á ársfundinum. Í þessari grein ætla ég að fjalla um ýmis viðfangsefni tengd starfi DKG sem rædd voru á ársfundi Pi State DKG. Ég mun einnig varpa nokkru ljósi á umræðu um menntastefnu í New York-fylki.



Starfsemi deilda er með svipuðum hætti og hjá okkur, en einnig eru starfandi svæðisráð sem eiga að styðja við deildir og tryggja tengsl þeirra á milli. Undanfarin tvö ár hefur Pi State DKG unnið markvisst að aðgerðaáætlun til að efla nýliðun, bæta árangur (efficiency) Pi State DKG, og ekki síst, efla innra starf deilda. Meðal annars vilja þær að deildir rýni vel í það hvernig þær koma til móts við væntingar ólíkra félaga sinna, bæði þeirra sem eru enn starfandi og þeirra sem sestir eru í helgan stein. Pi State vill efna upplýsingaflæði og notar í auknum mæli ýmsar tegundir samfélagsmiðla. Þema ársfundarins var leiðtogafærni (leadership), enda leggja Pi State konur mikinn metnað í að bjóða upp á leiðtogabjálfun fyrir deildir, svæðisráð og stjórn sína.



Alls eru um 2.300 meðlimir í Pi State DKG en meðalaldur er um eða yfir sextugt. Nýliðun hefur reynst erfið, og reglulega þarf að leggja niður deildir þar sem ekki næst að manna stöður deilda. Stjórn Pi State sendi út rafræna könnun til allra deilda árið 2014 um starfsemina og hafa niðurstöður reynst hagnýtar til að greina stöðuna. Á ársfundinum voru kynnt störf nefndar sem hefur mótað aðgerðaáætlun um hvernig hægt sé að bæta nýliðun. Nefndin lagði áherslu á að ekki eingöngu væri mikilvægt að *taka inn* nýja meðlimi, heldur einni að efla starfsemi deilda til að *halda* meðlimum. Þá væri einnig áriðandi að halda tengslum við *fyrirverandi meðlimi* og opna leiðir til að þær geti snúið aftur til samtakanna. Rætt var um mikilvægi persónlegra tengsla, símtals eða hlýlegrar kveðju þar sem fyrirverandi DKG systir er boðin velkomin á fund og ítrekað að hún sé ávallt velkomin. Sumar deildir hafa jafnframt búið til „vina“-póstlista þar sem fyrirverandi og áhugasömum konum er boðið að fylgjast með starfseminni úr fjarlægð, vitandi það að þær eru alltaf velkomnar.

Það kom mér dálítið á óvart að lögð var áhersla á menningu hvorrar deildar og að hver deild getur t.d. hagað kosningu um nýja meðlimi á ólíka vegu. Ávallt eru upplýsingar um feril og faglegan bakgrunn tilvonandi meðlima kynntir deild. Ein deild nýtir rafræna nafnlausu könnun til að framkvæma kosningu. Nefndin lagði til að í stað þess að kosið yrði um hverja og eina konu væri kosið um heildarlista með nöfnum. Nokkur umræða varð um það hvernig ætti að taka á málum ef ólíkar skoðanir væru innan deildar um hæfi einstaklings, og eina svarið var í raun: Þið verið að ræða málin af hreinskilni og ná sátt um það innan deildar hvað skiptir ykkur máli við inntöku nýrra kvenna. Einn fundargestur benti á að mikilvægt væri að horfa ekki aðeins á að fá inn öflugar konur sem hefðu reynslu af stjórnendastörfum, heldur einnig efnilegar konur sem gætu vaxið og eflst innan DKG. Það hefði líka reynst vel að taka inn tvær eða þrjár konur sem þekktust ágætlega fyrir inn saman í deild.

Pi State DKG rekur Educational Foundation, menntasjóð sem deildir geta sótt um styrk til vegna ýmissa verkefna. Það vakti athygli mína að deildir og meðlimir þurfa að skrá sig sérstaklega til þátttöku í þessum sjóði og var haldinn sérstakur ársfundur hans þessa helgi. Fjórar deildir fengu sérstök verðlaun, en þau áttu það sameiginlegt að hafa öll varað í tvö ár eða lengra tímabil: Beta Nu deild hefur í þrjú ár fært 52 fátækum fjölskyldum poka með hreinlætisvörum, og barnabókum til að styðja við læsi. Apha Nu deild hefur árlega valið tvo skóla sem hafa fengið 200 dollara styrk (um 25.000 kr) til að efla bókakost skólans. Betadeild hefur síðan árið 2010 fært 60 börnum vikulega matarpakka, og hafa allir meðlimir deildarinnar lagt sitt af mörkum til fjáröflunar, innkaupa og framkvæmdar. Beta Mu hefur síðan árið 2003 gefið töskur fullar af myndabókum fyrir yngstu kynslóðina og upplýsingabæklingum um læsi til Heilsugæslunnar sem hefur dreift þeim til foreldra. Pi State DKG veitir einnig menntastyrki til kvenna bæði utan og innan DKG. Það var áhrifaríkt að fylgjast með þegar níu ólíkir styrkir voru veittir og hve dýrmætir þeir voru viðtakendum. Árangursrík fjáröflun Pi State vakti mig til umhugsunar um hvort við DKG konur á Íslandi ættum í ríkari mæli að styðja menntastofnanir og einstaklinga til góðra verka. Getum við aukið sýnileika okkar í samfélaginu, sótt styrki í ríkari mæli og gefið til baka?

Þegar ég minntist á það í erindi mínu að menntamálayfirvöld á Íslandi hefðu verið gagnrýnd fyrir skort á samráði við fagstéttir og sérfræðinga við mótun menntastefnu mátti heyra bylgju fara um salinn, en innleiðing á nýrri menntastefnu í New York-fylki hefur einmitt verið gagnrýnd fyrir skort á samráði við kennara og fagfélög þeirra. New York-fylki hefur innleitt Common Core-hæfniviðmið í ensku og stærðfræði fyrir grunn- og framhaldsskóla sem ríkisstjórnin gaf út árið 2010 og í kjölfarið voru gerðar umdeildar breytingar á fyrirkomulagi prófa og námsmati. Samkvæmt konum sem ég ræddi við þá hefur aukist mjög að foreldrar neiti að senda börn sín í próf vegna prófkvíða og efasemda um gildi prófanna. Aukin áhersla er á að meta árangur, meðal annars eru kennarar metnir reglulega í ljósi þess hvernig nemendur þeirra koma út á prófum. Fyrirkomulagið er umdeilt og talið draga úr sjálfstæði og frumleika kennara í starfi.

Að lokum: Vera mín í New York-fylki hefur verið ákaflega áhugaverð og endurnærandi. Fylkið býður upp á fallegar og frjósamar sveitir, skóglendi og litla bæi. Tvö af börnum mínum hafa gengið hér í menntaskóla og þótt þau gagnrýni ýmislegt, s.s. skort á frímínútum og það að mega ekki fara af skólalóðinni, ber kennslan alla jafna vott um fagmennsku og metnað. DKG systur okkar hér í New York-fylki tóku ákaflega hlýlega á móti mér og erindið mitt, sem fjallaði um tengsl formlegs og óformlegs náms, virtist falla í góðan jarðveg. Mér var færð afskaplega falleg gjöf í þakkarskyni, bróðerað listaverk sem Jean Cekel hannaði (sjá mynd). Ég hvet allar DKG konur til að nýta sér tengslanet þegar þær fara til útlanda og setja sig í samband við systur okkar. Við eigum meira sameiginlegt en við áttum okkur á!

Kolbrún Þ. Pálsdóttir er Lambdasystir og lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
kolbrunp@hi.is



Fréttamolar frá deildum

Alfa



Fyrsti fundur deildarinnar eftir áramót var haldinn á Kringlukránni 13. febrúar. Þá voru teknir inn tveir nýir félagar. Sigurður Örn Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarfélags Kringlunnar, kynnti helstu þætti í rekstri Kringlunnar og kom félagskonum á óvart hve margslunginn reksturinn er. Spunnust fjörugar umræður að loknu innleggi Sigurðar og kom í ljós að ein félagskona, Sjöfn Sigurbjörnsdóttir, hafði setið í borgarráði þegar ákvörðun var tekin um að leyfa byggingu verslunarmiðstöðvar á þessum stað. María Solveig Héðinsdóttir varaformaður rifjaði upp gamla verslunarhætti í afar skemmtilegum pistli og sagði frá því þegar hún fylgdist með ömmusystur sinni, Hildigunni Olgeirsdóttur, við afgreiðslustörf í Hljóðfærahusi Reykjavíkur skömmu eftir 1960.



Það var höggvið stórt skarð í raðir félagskvenna þegar Jenna Jensdóttir, kennari og rithöfundur, lést 6. mars. Jenna var einn af stofnendum DKG á Íslandi og var alla tíð tryggur félagi. Hún sótti alla fundi og lagði ávallt eitthvað uppbyggilegt til mála. Félagskonur Alfadeildar minntust Jennu með einnar mínútu þögn á öðrum fundi deildarinnar þann 16. mars. Hann var haldinn í Austurbæjarskóla, en skólastjórinn þar er Kristín Jóhannesdóttir, sem situr í stjórn Alfadeildar. Kristín, sem var áður skólastjóri í Fellaskóla í Reykjavík, tók við skólastjórn í Austurbæjarskóla síðastliðið haust og er fyrsta konan til að gegna því starfi. Gestur fundarins var Arnfinnur Jónsson, formaður hollvinafélags Austurbæjarskóla, og rakti hann sögu skólans í stuttu máli. Hann gekk sjálfur í Austurbæjarskóla, en þá var föðurbroðir hans og nafni skólastjóri. Seinna var hann kennari við skólann um nokkra ára skeið. Arnfinnur gjörþekkir skólann og að loknu erindinu gekk hann með Alfakonum um skólann og rifjaði upp ýmislegt sem tengdist húsnæðinu.

Síðasti fundur vetrarins, sem jafnframt er aðalfundur, verður haldinn 28. apríl í Dugguvogi 9. Viðfangsefni fundarins verða venjuleg aðalfundarstörf og kosning nýrrar stjórnar. Uppstillingarnefnd hefur lokið störfum og skilað inn tillögu að nýrri stjórn. Gert er ráð fyrir að verðandi formaður flytji orð til umhugsunar og síðan ætla félagskonur að njóta vorsins og léttra veitinga í félagsskap hverrar annarrar.

Það er mat fráfarandi stjórnar að í hennar stjórnartíð hafi verið tekið á mörgum málum og ýmsar mjög áhugaverðar kynningar hafi átt sér stað. Þemað sem farið var af stað með var **Menntun núna!** og telur stjórnin sig hafa séð um kynningar á menntun á Íslandi frá mörgum sjónarhornum.

Alfa

Alfadeildin, fyrsta deild DKG samtakanna á Íslandi, var stofnuð 7. nóvember 1975 í Reykjavík.

*Steinunn Ármannsdóttir,
formaður*

Kappa



Fyrsti fundur Kappadeildar á árinu 2016 var bókafundur haldinn þann 18. janúar á heimili Önnu Guðrúnar Hugadóttur í Garðabænum. Sumar konur áttu erfitt með að rata og sagan segir að einhverjar hafi verið komnar yfir í Kópavog í leit að réttu húsi. Orð til umhugsunar flutti Sigríður Þrúður og fjallaði hún um lestur. Á fundinum voru teknar fyrir fjórar bækur. Ingibjörg Kristleifsdóttir fjallaði um bækurnar Ósjálfrátt eftir Auði Jónsdóttur og Eitthvað á stærð við alheiminn eftir Jón Kalman. Marsíbil Ólafsdóttir tók því næst við og fjallaði um bókina Kona með höfuð eftir Þórunni Jörlu Valdimarsdóttur. Að lokum kynnti Ingibjörg Guðmundsdóttir fyrir okkur Breiðfirðingabók og las upp bráðfyndna frásögn eftir lærimeistara Jóns Kalmans úr Dölunum. Veitingar voru að venju góðar þó svo að ein úr veitingahópnum hefði gleymt að mæta á fundinn með kræsingarnar sínar. Nóg var til handa öllum og konur fóru glaðar og saddar heim.



Annar fundur ársins var haldinn miðvikudaginn 24. febrúar á veitingastaðnum Satt á Hótel Natura og var sameiginlegur með Deltadeild á Vesturlandi. Sigrún Jóhannesdóttir Deltakona flutti orð til umhugsunar og ræddi hún um mál sem brenna á konum um þessar mundir og eru áberandi í þjóðfélagsumræðunni. Eygló Björnsdóttir landsambandsforseti ávarpaði fundinn og rifjaði meðal annars upp afmælishátíð samtakanna frá síðasta hausti og sögu samtakanna. Anh-Dao Tran var aðalfyrirlesari kvöldsins. Hún sagði frá doktorsritgerð sinni um óvirkjaða auðlind sem felst í erlendum nemendum í framhaldsskólum.

Þriðji fundur ársins var haldinn miðvikudaginn 6. apríl í Álafoskaffi í Mosfellsbæ. Ragnheiður Axelsdóttir var með orð til umhugsunar og fjallað meðal annars um hversu mikilvægur góður skólabragur er fyrir árangur skólstarfs. Aðalræðumaður kvöldsins var Sigrún Þ. Geirsdóttir sjósundkona, sem synti yfir Ermarsundið í sumar. Lýsti hún aðdraganda ákvörðunarinnar um að synda yfir Ermarsundið og sundinu sjálfu. Kappakonur áttu ekki orð til yfir viljastyrk og hetjuskap Sigrúnar eftir frásögn hennar og fóru heim að fundi loknum með það í huga að ekkert væri ómögulegt.

Síðasti fundur Kappadeildar á vorönninni verður haldinn 19. maí og eru stjórnarskipti meðal annars á dagskrá.

Sólborg Alda Pétursdóttir og
Valgerður Magnúsdóttir

Kappadeild var stofnuð
28. mars 2007.
Í henni eru konur af
höfuðborgarsvæðinu, flestar úr
Hafnarfirði, Kópavogi og
Garðabæ.



Beta



Starf Betadeildar á nýju ári hófst með hefðbundnum bóka fundi í janúar þar sem konur sögðu frá bókum sem þær höfðu lesið. Hefð er fyrir því á þessum fundi að velja tvær áhugaverðar bækur og ræða þær á óhefðbundnum fundi í mars. Þær bækur sem urðu fyrir valinu voru *Ljós af hafi* eftir M.L. Stedman og *Stóri skjálfti* eftir Auði Jónsdóttur. Betasystur hittust á veitingahúsinu Strikinu í mars, áttu saman góða kvöldstund og ræddu þessar bækur ásamt því að gæða sér á gómsætri kjúklingasúpu.

Á fundum deildarinnar í febrúar og apríl var hefðbundin dagskrá en auk þess hlýddu konur á áhugaverða fyrirlestra. Í febrúar var Halldóra Haraldsdóttir í Betadeild með fyrirlestur sem bar yfirskriftina „Frá Sólborg til HA – á einni starfsævi“. Þar rakti hún þróun og breytingar á skólastarfi þroskaheftra einstaklinga, en Halldóra hefur starfað á því sviði nánast alla sína starfsævi. Í apríl fékk deildin til sín Kristínu Margréti Jóhannsdóttur, en fyrirlestur hennar fjallaði um þróun íslenskrar tungu hjá Vestur-Íslendingum. Hún, ásamt fleiri aðilum, hefur rannsakað þessa þróun og hvernig málið vestanhafs er smám saman að deyja út. Tveir ólíkir en áhugaverðir og fræðandi fyrirlestrar þar á ferð.

Lokafundur Betadeildar verður haldinn í maí, en á honum verður hefðbundin dagskrá og stjórnarskipti. Eftir að hefðbundnum fundi lýkur fara konur saman út að borða og eiga notalega samverustund. Skemmtilegt er að enda vetrarstarfið á huggulegum nótum og tilhlökkun að byrja nýtt starfsár í haust með fjölbreyttum og áhugaverðum viðburðum.

Björk Sigurðardóttir,
formaður

Beta

Betadeild var stofnuð þann
2. júní 1977.
Í henni eru konur
frá Akureyri og nágrenni.



Delta



Fyrsti fundur ársins 2016 var í febrúar á Hótel Natura. Við vorum gestir hjá Kappakonum. Anh-Dao Tran, fyrrverandi Deltakona, var með erindi á fundinum þar sem hún ræddi um jafnan rétt ungs fólks úr þjóðernisminnihlutahópum. Sigrún Jóhannesdóttir var með orð til umhugsunar og ræddi um mál sem brenna á konum um þessar mundir, meðal annars launamun kynjanna og útlitsdýrkun.

Næsti fundur var haldinn á Bifröst í apríl og fengum við Önnu Elísabet Ólafsdóttur til að segja okkur frá verkefni sem hún er með í Tansaníu. Elísabet Jóhannesdóttir var með orð til umhugsunar og talaði um kennarastarfið, hve lánsöm hún hefði verið að hafa valið það, en hún er að fara á eftirlaun í haust.

Við mættum nokkrar á vorþingið í Hafnarfirði í lok apríl og áttum þar góðan dag.


Síðasti fundur vetrarins verður í maí og er það aðalfundur. Hann verður haldinn á Akranesi og mun fundarefnið vera venjuleg aðalfundarstörf.

Fastir liðir á fundum er að við kveikjum á kertunum, fáum fyrirlesara í heimsókn eða ein af okkur er með erindi, orð til umhugsunar/mér er efst í huga, happdrætti og við borðum góðan mat.

Theodóra Þorsteinsdóttir,
formaður

Delta

Deltadeild var stofnuð þann
2. maí 1987.
Í henni eru konur
á Vesturlandi.



Peta

Aðalfundur Peta-deildar var haldinn í Hannesarholti þann 18. apríl og var yndislegt að eiga góða stund í þessu fallega húsi. Ragnheiður Jóna Jónsdóttir, forstöðumaður hússins og DKG-systir, leiddi okkur um húsið og sagði okkur frá því frábæra starfi sem þar er unnið. Menningin og sagan svífa yfir vötnum í þessu fallega húsi. Þessi lok starfstímans voru í samhengi við töluverð ferðalög deildarinnar, t.d. heimsóttum við Grindavík, Sandgerði, Voga og Keflavík, og á öllum stöðum tóku Peta-systur á móti okkur. Það var mjög áhugavert að kynnast störfum systra okkar á þessum ólíku stöðum.

Við áttum fundi í skólum, söfnum, kirkju og veitingastöðum. Fjölbreytnin réð ríkjum, viðfangsefni fundanna voru af ýmsu tagi og við fengum góða gesti í heimsókn. Þórdís Gísladóttir rithöfundu kynnti bækur sínar, Anh-Dao sagði frá doktorsverkefni sínu og Eygló Björnsdóttir landsambandsforseti heimsótti okkur og flutti ávarp. Í lok starfstímans eru félagskonur í Þetadeild þrjátíu og þrjár, aðeins hefur fækkað í hópnum en við vorum þökkalega sáttar við fundarsókn.

Ný stjórn var kosin á aðalfundinum: Gerður Pétursdóttir er formaður og aðrar í stjórn eru Árdís Jónsdóttir, Bjarnfríður Jónsdóttir og Sigurlína Jónasdóttir. Gjaldkeri er Kristín Helgadóttir.

Sigrún Ásta Jónsdóttir,
formaður



Peta

Þetadeild
var stofnuð þann
26. nóvember 1998.
Þetasystur eru frá
Suðurnesjum.

Gamma



Starf Gammadeildar hefur verið með ágætum síðvetrar 2016. Við beindum enn athygli að konum sem hafa sýnt frumkvæði og/eða tekist á hendur leiðtoga-hlutverk á mörgum og ólíkum sviðum.

Fimmtudaginn 14. janúar kl. 17 tók Vigdís Jónsdóttir, skjalavörður Alþingis, á móti hópnum í Alþingishúsinu og greindi Gammasystur frá skipulagi og störfum Alþingis og lítið eitt frá sjálfri sér. Vilhjálmur Bjarnason alþingismaður gekk með konunum um húsið og ræddi það sem fyrir augu bar. Síðan snæddu konurnar súpu, brauð, sætindi og kaffi á Hótel Borg.



Mánudaginn 15. febrúar kl. 19.30 hittist hópurinn á heimili Árnýjar Elíasdóttur, Huldulandi 14, 108 Reykjavík. Árný og Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir samstarfskona hennar sögðu okkur frá fyrirtæki þeirra Attentus. Pálína Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar og ræddi frumkvöðlakonur í kvenréttindabaráttunni.

Miðvikudaginn 9. mars kl. 19.30 var haldinn fundur í húsakynnum ráðgjafa-fyrirtækisins Alta við síðumúla. Halldóra Hreggviðsdóttir, jarðfræðingur og hagverkfræðingur, greindi okkur frá námsferli sínum og fyrirtækinu sem veitir m.a. ráðgjöf við skipulagsmál, umhverfismál, loftslagsmál og jarðfræðirannsóknir. Sigríður Jónsdóttir flutti orð til umhugsunar og ræddi varðveislu móðurmáls íslenskra barna sem alast upp erlendis.

Gammakonur sáu um umgjörð vorþings Landsambands Delta Kappa Gamma hinn 30. apríl og Gammasystirin Anh-Dao Tran var einn sex fyrirlesara á þinginu. Erindi hennar fjallaði um stöðu nemenda af erlendum uppruna í framhaldsskólum á Íslandi.

Vorfundur Gammadeildar er áformaður í Árbæjarsafni mánudaginn 6. júní kl. 17. Ný stjórn verður kjörin.

Kristín Bjarnadóttir,
formaður

Gamma

Gammadeild var stofnuð þann 5. júní 1977. Í henni eru konur frá Reykjavík og nágrenni.



Eta



Etakonur hafa átt þrjá fræðandi, skemmtilega og vel sóttu fundi á vormisseri og stefnt er á aðalfund og stjórnarskipti í byrjun júní. Janúarfundur var í húsakynnum Íslenska sjávarklasans, þar sem konur fræddust um gróskumikla starfsemi og nýsköpun á ýmsum sviðum, allt frá hönnun skipa til framleiðslu á lækningavörum, fæðubótarefnum og snyrtivörum.

Í byrjun mars var fundað í Háskólanum í Reykjavík þar sem Ásdís Olsen leiddi okkur í sannleika um Mindfulness–núvitund og hugarþjálfun og mikilvægi þess að temja hugann og dvelja í núinu.

Þriðji fundurinn var á Kaffi Sólon í apríl, en þar fjallaði Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur um bók sína *Þegar siðmenningin fór fjandans til. Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918* og veitti innsýn í tilveru Íslendinga á ófriðartímum.



Etakonur hafa í orðum sínum til umhugsunar hugað að rótunum, uppvexti og mótunarárum, lífi og starfi formæðra og feðra, hinum ýmsu hlutverkum æviskeiðsins og tengslum og samskiptum kynslóða, sem leitt hefur til aukinna kynna og innbyrðis tengsla. Skipulag og undirbúningur funda gefur og hópum tækifæri til samstarfs og kynna. Við stefnum glaðar mót sumri og hækkanði sól.

Með góðum kveðjum,
Bryndís Guðmundsdóttir,
formaður



Eta

Etadeild var stofnuð þann
6. júní 1997.

Í henni eru konur frá
Reykjavík og nágrenni.

Mý



Starfið í Mýdeild hefur verið fjölbreytt og skemmtilegt í vetur. Við skiptum í undirbúningshópa á haustinn og ber hver hópur ábyrgð á sínum fundi. Hóparnir hafa frjálssar hendur við efnistösk fundanna, velja erindi og sjá um fasta liði, svo sem orð til umhugsunar, veitingar og húsnæði. Stjórnin sér um að setja fund, og flytja fréttir í upphafi fundar og slíta fundi.

Á fyrsta fundi vetrarins fékk hópurinn það verkefni frá stjórn að koma fram með hugmyndir að viðfangsefnum fyrir veturinn. Að fundi loknum settist stjórnin niður og tók eftirfarandi punkta saman. Fram komu margar góðar hugmyndir og ákveðið var að hóparnir hefðu val um viðfangsefni á sínum fundi.

1. Núvitund, að huga að sjálfum sér, mörg og ólík hlutverk í dagsins önn.
2. Fjölmennning í viðum skilningi.
3. Menntakerfið, heldur það í við breytingar í þjóðfélaginu?
4. Menntamál, með læsi í forgrunni.
5. Er grunnskólinn að undirbúa nemendur sína undir líf og starf í nútímapjóðfélagi?



Deildin hefur fundað sex sinnum í vetur og höfum við heimsótt jafn margar menntastofnanir og átt saman fjölbreyttar fræðandi og skemmtilegar samverustundir. Við ætlum svo að hittast 18. maí á aðalfundi deildarinnar, þar sem ný stjórn verður kosin meðal annars.

Konur í Mýdeild hafa verið duglegar að afla sér aukinnar menntunar og láta til sín taka í samfélaginu. Deildin eignaðist á vormánuðum 2015 doktor í sínum röðum þegar Birna María Brattberg Svanbjörnsdóttir varði doktorsritgerð sína, *Forysta og teymisvinna í nýjum skóla: Þróun lærdómssamfélags*, við Uppeldis- og menntunarfræðideild Háskóla Íslands. Þá útskrifaðist Guðný Sigríður Ólafsdóttir með MA í menntavísindum frá sömu deild í júní 2015. Björg Eiríksdóttir, sem stundar meistaranám við Háskólann á Akureyri, var með sýningu í vetur á bókasafni Háskólans á Akureyri. Verkin á sýningunni voru unnin í tengslum við meistaraþrófsrannsókn hennar þar sem hún mótar námsefni í teikningu með aðferðum starfenda- og listrannsókna. Námsefnið ber titilinn *Ég sé með teikningu*. Á sýningunni var hún með teikningar; tvívíðar, þrívíðar, á hreyfingu, í lit og hljóði og er titill sýningarinnar *Ég sé mig sjáandi*, en þar er vísað í orð Maurice Merleau-Pontys, heimspekings og fyrirbærafræðings.

Í lok síðasta árs fékk Dagbjört Ásgeirsdóttir birta í tímaritinu The Collegial Exchange greinina What Are Our Teenagers Really Doing Online. *The Hows and Whys of Teens' Engagement with Technology*. Greinin hefst á blaðsíðu 8 í tímaritinu og er ritdómur um bókina It's Complicated – the social lives of networked teens eftir Danah Boyd, en sú bók fékk verðlaun The Educators Award Committee árið 2015. Jafnframt gaf Dagbjört út bókina Gummi og huldufólkið, sem er fimmta bókin sem hún skrifar um Gummi og ævintýri hans.

Ingibjörg Margrét Magnúsdóttir,
formaður

Mý

Mýdeild er yngsta deildin innan Delta Kappa Gamma á Íslandi. Hún var stofnuð þann 26. apríl 2011. Í Mý eru konur frá Akureyri og nágrenni.



Zeta



Zetadeild starfar á Austurlandi og koma félagskonur frá Fljótsdalshéraði og Fjarðabyggð. Stjórn skipa Sigríður Herdís Pálsdóttir formaður, Ruth Magnúsdóttir og Kristín Hlíðkvist gjaldkeri.

Dagskráin er sett þannig fram að við skiptumst á að hittast á þessu svæði og við settum fundarskipulagið þannig að við fundum sex sinnum yfir vetrarmánuðina. Við tökum okkur fríi í desember og janúar. Þá eru ferðalög um hina mörgu fjallvegi innan fjórðungsins oft erfið. Við þurftum að fella niður einn fund í nóvember vegna ófærðar.

Starf Zetadeildar hefur í vetur einkennst af fjölbreyttum viðfangsefnum. Áhersla hefur verið á auknar umræður meðal félagskvemma og virkni á fundum. Að sjálfsgöðu eru allar hefðir í heiðri hafðar en reynt er að skapa svigrúm til umræðna á hverjum fundi. Fundirnir í vetur hafa verið í Neskaupstað, Reyðarfirði og Egilsstöðum.

Við byrjuðum starfið á Egilsstöðum þar sem nýr félagi var tekinn inn í deildina. En meðal þess sem hefur verið í vetur er kynning á okkur félagskonum, áhugaverð kynning á Listasmiðju Norðfjarðar, erindi frá Guðrún Smith um sjálfbæra kennslu í skólum og kynning á bókum sem félagskonur hafa lesið. Áhugaverð erindi hafa komið í orðum til umhugsunar, meðal annars um alþjóðleg samtök kvemma sem héldu upp á 100 ára afmæli sitt síðastliðið vor. Gott er fyrir okkur að hugsa til þeirra sem ruddu brautina. Við eigum eftir einn fund en það er aðalfundurinn í vor og þá fáum við í heimsókn formann Delta Kappa Kamma, hana Eýgló Björnsdóttur.

Deildin er stolt af sínum konum sem allar eru að gera góða hluti hver á sínu sviði og horfum við björtum augum til komandi starfsárs.

Sigríður Herdís Pálsdóttir,
formaður

Zeta

Zetadeild starfar á Austurlandi og koma félagskonur frá Fljótsdalshéraði og neðan af fjórðum.

Epsilon



Fjórti fundur vetrarins var haldinn á Hótel Eldhestum. Fundarefnið var jólabækurnar. Hver og ein fundarkona valdi eina bók til að segja frá. Flestar sögðu frá einhverri af jólabókunum en fleiri bækur voru einnig nefndar. Þessi fundur er alltaf mjög skemmtilegur og það er einkar ánægjulegt að sitja og hlusta á konur segja frá fjölbreyttum bókum.

Fimmti fundur vetrarins var 9. apríl. Rósa Marta Guðnadóttir sagði okkur frá meistaraþrófs-verkefni sínu sem ber yfirskriftina Kynngi orðsins. Rannsókn á miðlun menningararfsins í framhaldsskólum. Í ritgerðinni er lagt upp með að rannsaka hvernig menningararfi þjóðarinnar, Íslendingasögum og Eddukvæðum, er miðlað í framhaldsskólum landsins. Hvort mikilvægt sé að kenna efnið við framhaldsskóla og hvaða kennsluaðferðir eru viðhafðar. Kennarastarfið er skoðað frá ýmsum hliðum og velt upp hvað eru góðir kennsluhættir og hvernig má vekja áhuga nemenda á námsefninu. Niðurstöður sýna að allflestir viðmælendur telja mikilvægt að námsefnið sé kennt við framhaldsskóla. Vandinn sé að fá nemendur til að lesa sögurnar og kvæðin. Hlutverk kennara er því að vekja áhuga nemenda á efninu með öllum tiltækum ráðum. Nánast allir viðmælendur töldu mikilvægt að varðveita og leggja rækt við íslenska tungu, jafnt kennarar sem nemendur. Margir hafa áhyggjur af því að málkennd þjóðarinnar fari þverrandi. Mikilvægt er því að leggja áherslu á tungumálið sjálft í íslenskukennslu og brýnt að þjálfra tjáningu nemenda, bæði í töluðu og rituðu máli.



Sjötti fundurinn verður vorferð sem farin verður síðustu dagana í maí.

Erna Ingvarsdóttir,
formaður

Epsilondeild var
stofnuð 1989 og
starfar hún á
Suðurlandinu.



Minning

Jenna Jensdóttir

F. 24.8. 1918 - d. 6.3. 2016

Kveðja frá Alfadeild



Jenna Jensdóttir, kennari og rithöfundur, var ein af stofnendum Alfadeildar Delta Kappa Gamma (DKG) á Íslandi. DKG eru alþjóðleg samtök kvenna í fræðslu og menningarstörfum og lá því beint við að leitað væri til Jennu um þátttöku þegar samtökin hófu göngu sína hér á landi. Hún var í hópi kvenna sem ruddu brautina á þessu sviði og stóðu að stofnun Alfadeildar DKG árið 1975. Samtökunum hefur síðan vaxið fiskur um hrygg og eru nú starfandi 12 deildir innan þeirra í öllum landsfjórðungum.

Meðal markmiða samtakanna er að efla tengsl kvenna sem vinna að mennta- og fræðslustörfum, að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum og efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna.

Óhætt er að fullyrða að Jenna hafi verið glæsilegur fulltrúi samtakanna og borið hróður þeirra víða. Hún var alla tíð ötull félagi og mætti nær undantekningarlaust á fundi deildarinnar. Þar auðgaði hún líf okkar fundarkvenna með þátttöku sinni en hún lagði ávallt eitthvað jákvætt til mála og jós þá úr reynslubrunni sínum. Hún flutti okkur frumort ljóð, var með hugleiðingar um lífið og tilveruna auk þess að ráða okkur heilt í ýmsum málum. Jenna kom síðast á fund í deildinni í september síðastliðnum en treysti sér ekki til að koma á 40 ára afmælishátíð DKG mánuði seinna.

Örfáum dögum fyrir andlát Jennu heimsóttum við nokkrar stjórnarkonur deildarinnar hana og veittum henni viðurkenningu fyrir framlag hennar í þágu samtakanna. Þótt hún væri augljóslega þrotin að kröftum það hún fyrir kveðju til Alfadeildar og fór fögrum orðum um hve mikla gleði félagsskapurinn hefði veitt sér undanfarin 40 ár. Það er skarð fyrir skildi hjá Alfakonum við fráfall Jennu og kveðjum við hana með djúpum söknuði og þakklæti.

Fyrir hönd stjórnar Alfadeildar DKG,
Steinunn Ármannsdóttir formaður.



*Stefnuyfirlýsing Delta Kappa Gamma
Alþjóðasamtökin Delta Kappa Gamma
studla að auknum fræðilegum og
persónulegum þroska kvenna í
fræðslustörfum og gæðum í menntun og
uppeldisstörfum*



Delta Kappa Gamma, Íslandi

Vorfréttabréf 2016



*Heimasíðan okkar er:
<http://dkg.muna.is>*

*Heimasíða alþjóðasamtakanna er:
<http://www.dkg.org>*